

## **Fundargerð – Rafrænn fundur Aðalstjórnar UMF Tindastóls**

**Dagsetning:** 10. Nóvember 2025

**Fundarform:** Rafrænn fundur í gegnum skrifleg samskipti

**Fundarmenn:** Magnús Barðdal, Stefán Árnason, Sigurlína Magnúsdóttir og Gunnar Traustason, Guðlaugur Skúlason.

### **1. Bréf ríkisskattstjóra til íþróttafélaga**

Fyrir fundinum lá kynning á stöðu mála vegna bréfs ríkisskattstjóra til íþróttafélaga sem sent var í gegnum íþróttahreyfinguna. Rætt var um fund sem haldinn var í höfuðstöðvum Deloitte með fulltrúum ÍSÍ, ÍTF, sérsambanda, Deloitte og KPMG þar sem farið var yfir stöðu mála og möguleg næstu skref.

Fram kom að starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins, með þátttöku fulltrúa Deloitte, KPMG, ÍSÍ og ráðuneytisins, vinni nú að greiningu málsins og muni funda með ríkisskattstjóra á næstu dögum. Í kjölfarið verði tekin ákvörðun um hvernig íþróttahreyfingin bregst við bréfinu.

Aðalstjórn lagði áherslu á mikilvægi þess að íþróttafélög bregðist samstillt við og fylgi leiðbeiningum frá ÍSÍ og þeim sérfræðingum sem koma að málinu. Jafnframt var tekið undir að bíða frekari upplýsinga áður en félagið tekur sjálfstæð skref í málinu.

Fleira var ekki rætt.